

Umhverfis- og skipulagssvið Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar
Borgatúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 30. ágúst 2024
UST202407-297/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2040 - Álfsnes, Esjumelar - Endurskilgreining iðnaðar- og athafnasvæða

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjavíkur er barst 18. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2040.

Í erindinu kemur fram að fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 nær til endurskoðun stefnu um iðnaðar- og athafnasvæði á umræddum svæðum lýtur að mögulegri endur skilgreiningu þeirra út frá starfsemi og hlutverki, stækkun einstakra svæða, mögulega minnkun annarra og skilgreiningu nýrra atvinnusvæða. Jafnframt er lögð fram áætlun um hvernig standa skuli að umhverfismati breytinganna.

Áhrifasvæði og friðlýst svæði

Umhverfisstofnun bendir auk þess á að í 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.“¹

Því er mikilvægt í samræmi við ofangreind ákvæði að framkvæmdir og starfsemi skipulagssvæðunum rýri ekki verndargildi friðlýstra svæða.

Umhverfisstofnun bendir á að Blikastaðakró-Leiruvogur var friðlýst sem friðland 2022 og er svæðið mikilvægur viðkomustaður farfugla, einkum vaðfugla og fóstrar ríkulegt fuglalíf allt árið um kring, þ. á m. ábyrgðartegundir fugla. Svæðið er einnig viðkomustaður landsela.²

Því þarf að koma fram grunnstaða lífríkis á svæðinu og þróun þess og áhrif starfseminar á það. Eins og kom hér fram að ofan er mikilvægt að framkvæmdir og starfsemi skipulagssvæðunum valdi ekki álagi og rýri ekki verndargildi friðlýstra svæða

¹ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>

² <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudvesturland/blikastadakro-leiruvogur/>

Mikilvæg fuglasvæði

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um þau mikilvægu fuglasvæði sem framkvæmdin mun hafa áhrif á og vill Umhverfisstofnun benda á kortasjá ³ Náttúruminjastofnunar Íslands (NÍ) hvað það varðar.

Friðlýstar plöntur

Í greinargerðum verklýsingar og matslýsingar kemur fram að skoða eigi vistgerðir á framkvæmdarsvæðinu. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á auglýsingu nr. 1385/2021 um friðun æðplantna, mosa og fléttna. Í 57. gr. náttúruverndarlaga er fjallað um réttaráhrif friðunar. Þar kemur meðal annars fram að öllum er skylt að sýna sérstaka aðgæslu og forðast að raska svæðum þar sem friðað vistkerfi eða friðaða vistgerð er að finna, skaða friðaðar tegundir eða raska búsvæðum þeirra. Markmið friðunarinnar er að vernda og viðhalda fágætum æðplöntum, mosum og fléttum og náttúrulegu gróðurfari og varðveita líffræðilega fjölbreytni í náttúru landsins. Forsendur fyrir friðun æðplantna eru hversu sjaldgæfar þær eru, takmörkuð útbreiðsla þeirra er, fáir vaxtarstaðir, mikilvægi þeirra fyrir líffræðilega fjölbreytni landsins og staða þeirra á valista íslenskra planta.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdin sé í samræmið við ákvæði ofangreindrar auglýsingar.

Mengaður jarðvegur

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg skulu sveitarfélög taka mið af skrá yfir svæði þar sem er mengaður jarðvegur, eða þar sem grunur er um mengun, sbr. 11. gr., við gerð skipulags. Stofnunin vinnur nú að skránni en bendir á að sveitarfélagið skal samkvæmt reglugerðinni taka mið af svæðunum þar sem grunur er um mengun.⁴ Mikilvægt er að kortleggja þessi svæði eins nákvæmlega og hægt er og að mati Umhverfisstofnunar þarf að meta hvort ætti að skilgreina þessi svæði sem varúðarsvæði, sbr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Vatnamál

Í lýsingu kemur fram að vatnaáætlun eigi að vera til viðmiðunar í mati (horft til) sem er ekki rétt heldur **eiga allar framkvæmdir og skipulagsáætlanir að vera í samræmi við stefnumörkun um vatnsvernd í vatnaáætlun⁵ og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála**. Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Jafnframt kemur fram að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og

³ <https://vistgerdakort.ni.is/>

⁴ https://ust.is/atvinnulif/mengandi-starfsemi/mengadur-jardvegur/ataksverkefni/?fbclid=IwAR2u6Bjte8BfiDoCK9pY2VY8Vw_LmOjxKDxGVuUujhxcHKj5TZ8h3fV7dXk

⁵ [Vatnaáætlun 2022-2027](#)

um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatnshlot þar sem það á við (þar sem fyrirséð er álag á vatn).

Fyrirhugaðar breytingar hafa áhrif á eftirfarandi vatnshlot: Straumsvík-Kjalarnes (104-1391-C), Blikstaðakró-Leirvogur (104-1304-C) og Innri Sund-Elliðaárvogur-Grafarvogur (104-1304-C). Straumsvík-Kjalarnes og Innri Sund-Elliðaárvogur-Grafarvogur hafa umhverfismarkmið um gott vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand, hins vegar er ástand vatnshlotanna óþekkt og er því óflokkað vegna skorts á gögnum. Blikstaðakró-Leirvogur hefur umhverfismarkmið um mjög gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand. Raunverulegt vistfræðilegt ástand vatnshlotsins hefur verið metið út frá líkindum en þörf er á gögnum til þess að staðfesta ástandið, efnafræðilegt ástand vatnshlotsins er óþekkt vegna skorts á gögnum. Grunnvatnshlotið Leirvogsá (104-289-G) er einnig á framkvæmdarsvæði og hefur umhverfismarkmið um góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand en raunverulegt ástand vatnshlotsins er óþekkt og er því óflokkað vegna skorts á gögnum.

Umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og má ástand þeirra ekki hnigna, hvorki tímabundið né varanlega. Nái vatnshlot ekki umhverfismarkmiðum sínum skal fara í aðgerðir til þess að draga úr álagi, leggja fram mótvægisáðgerðir og breytingar á framkvæmd til þess að tryggja það að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist.

Gera þarf áhrifamat til þess að meta áhrif framkvæmda á þá gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir þau vatnshlot sem um ræðir til að meta hvort framkvæmdirnar munu valda því að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum. Slíkt áhrifamat skal m.a. innihalda upplýsingar um:

- Álag vegna framkvæmdarinnar/starfseminnar og hvernig hún hefur áhrif á gæðapætti sem eru notaðir til að ástandsmeta vatnshlot. Ef greint er líklegt álag á gæðapættina vegna framkvæmdar/starfsemi, þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna.
- Mótvægisáðgerðir, sem notaðar eru til að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdar og starfsemi.
- Samlegðaráhrifum allrar starfsemi (núverandi og fyrirhugaðri) sem hafa eða geta haft áhrif á vatnshlot.

Gæðapættirnir, sem skilgreindir hafa verið fyrir strandsjó, eru nítrat, fosfat, blaðgræna, hryggleysingar á mjúkum botni, botnþörungur á hörðum botni og forgangsefnaþælingar, auk fiska til stuðnings mati. Einnig eru vatnsformfræðilegir gæðapættir, s.s. straumhraði, dýpi, botngerð, sjávarstraumar og sjávarföll, set og setflutningar sem þveranir, vegir og aðrar framkvæmdir geta haft áhrif á. Meta þarf hvaða gæðapættir eru líklegir til að verða fyrir áhrifum umfram aðra.

Einnig bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að framkvæmdaraðilar séu upplýstir um að ítarlegra áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en leyfi fyrir framkvæmdir og/eða starfsemi er veitt. Þau framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefur út þurfa að vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og lög um stjórn vatnamála.

Einnig bendir Umhverfisstofnun á að ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á vatnshloti skv. 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála getur framkvæmdaraðili óskað eftir heimild stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri